

34. gr.

90

Séu hross tekin í hald á löglegan hátt og tilkynningarskyldu fullnægt, ber hrossaeigendum að leysa þau út með tuttugu krónum fyrir hvert hross yfir sólarhringinn. 12. júlí

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

Um fjármörk og merkingar á búfé fer eftir reglugerð um fjármörk í Þingeyjar-sýslu og Eyjafjarðarsýslu.

36. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir sýslunefnd og úrskurð hennar.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 krónum til 2000 krónur, og renna þær í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

38. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal reka sem opinber mál.

39. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 35 frá 16. apríl 1934 fyrir Eyjafjarðarsýslu, um fjallgöngur og fjárskil, og breyting á sömu reglugerð, nr. 72 frá 4. maí 1948 og nr. 59 frá 20. apríl 1949.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Verðlaunasjóðs Þorvalds Thoroddsens, 91 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. júlí 1956. 12. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Þorvalds Thoroddsens.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Þorvalds Thoroddsens. Hann er eign Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Rektor skólans hefur með höndum vörzlu sjóðsins og heldur honum á vöxtum með ráði skólastjórnar.

91

12. júlí

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en öllum ársvöxtum skal verja til verðlauna. Skólastjórn veitir verðlaun eftir tillögu náttúrufræðikennara. Rektor afhendir verðlaun við skólauppsögn.

3. gr.

4. gr.

Verðlaun skal veita þeim nemanda í efsta bekk, sem þykir skara fram úr öðrum um þekkingu og áhuga á náttúrufræði. Að jafnaði skal veita ein verðlaun á ári hverju. Þó má fleiri veita eða engin, ef það þykir rétt.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 15. maí 1956.

92

13. júlí

REGLUGERÐ

um nemendafjölda fastra kennara, afslátt á kennsluskyldu vegna aldurs, aukastörf kennara, árlegan starfstíma kennara við gagnfræðastigsskóla, sem laun miðast við, og þóknun til skólastjóra við skóla, sem tví- og þrískipað er í.

I. KAFLI

Um nemendatölu hvers kennara.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, enda sé tala þeirra miðuð við nemendafjölda, árlegan kennslutíma og hversu verknám er mikið. Nemendafjöldi hvers fasts kennara, án afsláttar í kennsluskyldu, skal vera sem hér segir:

A. Í barnaskólum:

Tala nemenda	9 mán.	8 mán.	7 mán.	6 mán.
150 og fleiri	40 nem.	35 nem.	30 nem.	25 nem.
110—150	38 —	33 —	28 —	23 —
71—110	34 —	29 —	24 —	19 —
70 og færri	30 —	25 —	20 —	15 —

B. Í gagnfræðastigsskólum:

a. Bóknám:

90 og fleiri	30 —	28 —	26 —	24 —
61—90	28 —	26 —	24 —	22 —
60 og færri	26 —	24 —	22 —	20 —

b. Bóknám og verknám, þar sem verknám er $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{3}$ hl. náms-efnis:

90 og fleiri	28 —	26 —	24 —	22 —
61—90	26 —	24 —	22 —	20 —
60 nem. og færri	24 —	22 —	20 —	18 —

c. Bóknám og verknám, þar sem $\frac{1}{3}$ — $\frac{5}{12}$ hl. námsefnis er verknám: